

Sveitarfélagið Stykkishólmur
Hafnargötu 3
340 STYKKISHÓLMI

Garðabær, 15. mars 2024
Málsnúmer: 202403-0006
BK

Efni: Vigrholt – Vinnslutillaga að breytingu á aðalskipulagi

Vísað er í tölvubréf gegnum Skipulagsgátt, dags. 1. mars 2024, þar sem Sveitarfélagið Stykkishólmur óskar eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um vinnslutillögu að breytingu á aðalskipulagi vegna Vigrholts.

Til stendur að stækka núverandi svæði fyrir frístundabyggð um 26,4 ha og verður svæðið því 88,8 ha eftir breytingu. Þá er fyrirhugað að afmarka nýtt 18,1 ha svæði fyrir íbúðarbyggð og nýtt 26,5 ha svæði fyrir verslun og þjónustusvæði.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um skipulagslýsingu sömu áforma þann 5. desember 2023 þar kom m.a. fram að svæðið er óraskað að mestu og einkennist af verðmætum vistgerðum og miklu fuglalífi og að stofnunin teldi staðsetninguna því óheppilega fyrir skipulag af þessari stærðargráðu.

Athugasemdir Náttúrufræðistofnunar við svör Arkís arkitekta, f.h. landeiganda, vegna umsagnar stofnunarinnar um skipulagslýsinguna:

„Stofnunin bendir á að svæðið er að mestu óspillt með kjarri vöxnum klapparásum og votlendi og vísar til vistgerðarkorts NÍ sem sýni viðkvæmar vistgerðir með mjög hátt verndargildi (sjá umsögn) þar af tvær vistgerðir sem eru á lista Bernarsamningsins frá 2014 sem þarfnast sérstakrar verndar þ.e. lyngmóavist og kjarrskógavist.“

Það voru fleiri en þessar tvær vistgerðir sem taldar voru upp í umsögn Náttúrufræðistofnunar, þ.e. votlendisvistgerðirnar starungsmýravist, tjarnastararflóavist og brokflóavist, sem allar hafa mjög hátt verndargildi og eru þær tvær fyrrnefndu á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

„Sérstök áhersla er lögð á að raski á kjarri verði haldið í lágmarki. Taka skal mið af því að sumar lóðir eru kjarri vaxnar. Staðsetja skal byggingar á lóð með þeim hætti að rask á birkiskógi verði sem minnst. Ekki má fella tré fyrir utan nauðsynlega grisjun og til þess að koma fyrir byggingum og nauðsynlegum innviðum.“

Einnig ættu að vera skilmálar um að ekki sé leyfilegt að gróðursetja framandi trjategundir.



„Ekkert votlendi sem nýtur verndar (stærra en 20.000 m²) er á Skipulagssvæðinu samkvæmt kortasjá Náttúrufræðistofnunar. Þó nokkuð mýrlendi er á svæðinu en engir stórir samfelldir mýrarflákar.“

Líkt og fram kom í fyrri umsögn, þá er votlendi vanmetið í vistgerðakortasjánni og innan skipulagssvæðisins virðast vera að minnsta kosti fjórir stórir votlendisflákar sem ættu að uppfylla viðmið 61 gr. náttúruverndarlaga, nr. 60/2013 um sérstaka vernd. Þar sem vistgerðakortasjáin og kortasjáin fyrir sérstaka vernd vistkerfa og jarðminja eru tengdar þá koma þessir flákar ekki fyrir á þeirri síðarnefndu.

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir allt að 10 einbýlishúsum, allt að 33 frístundahúsum og þremur lóðum fyrir verslun og þjónustu þar sem reist verður hótél með 60 herbergjum auk 25 gistirýma í smáhúsum, veitingastaðar, handverksbrugghúss og baðlóns.

Slíku umfangi mun óhjákvæmilega fylgja umtalsvert rask á ósnortnu landi ríku af náttúruminum og vill Náttúrufræðistofnun ítreka að þörf er á nákvæmari kortlagningu vistgerða auk úttektar á fuglalífi svæðisins. Þá þarf að gera grein fyrir aðgerðum til að draga úr mögulegum neikvæðum áhrifum, s.s. vegna truflunar, á farfugla sem eiga viðkomu í Vigrafirði.

Virðingarfyllt,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

